



---

# Þróunarverkefni 2009–2010

## Klæðskerasaumuð símenntun í Grunnskóla Seltjarnarness

### – Lokaskýrsla –

---

#### Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Viðfangsefni, val og skipulag .....	2
Skólaheimsóknir .....	2
Fræðslufundir og námskeið .....	3
Tölvunámskeið 2009–2010. Kennari Sigurður Fjalar Jónsson .....	3
Önnur tölvunámskeið .....	4
Lokaorð .....	4
Sýnishorn af eyðublöðum .....	6

#### Inngangur

---

Skólaárið 2009–2010 var endurmenntun kennara í Grunnskóla Seltjarnarness með nýju sniði sem kallað var „klæðskerasaumuð símenntun“. Markmiðið var að hver kennari gæti sjálfur skipulagt endurmenntun sína á þann hátt sem hann taldi gagnast sér best. Umsjón með verkefninu höfðu Ingvar Sigurgeirsson, prófessor á Menntavísindasviði, og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, kennslufræðingur og doktorsnemi við Menntavísindasvið. Í þessari lokaskýrslu er í stuttu máli farið yfir upphaf og framgang þessa verkefnis.

Allar nánari upplýsingar um verkefnið veitir Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness, [gustur@seltjarnarnes.is](mailto:gustur@seltjarnarnes.is).



## Viðfangsefni, val og skipulag

---

Vorið 2009 könnuðu Ingvar Sigurgeirsson og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, umsjónarmenn endurmenntunarverkefnisins, viðhorf og áhuga kennara á sinni eigin endurmenntun með því að taka viðtöl við alla kennara Grunnskóla Seltjarnarness. Í viðtölunum komu fram margar áhugaverðar hugmyndir sem urðu vísir að verkefnum sem kennarar unnu skólaárið 2009–2010.

Í upphafi skólastarfs að hausti höfðu kennarar mótað sér endanlega hugmynd um endurmenntunarverkefni sem þeir höfðu ákveðið að vinna á skólaárinu. Sumir völdu að vinna í hópi með öðrum og skipulögðu þeir samstarfsverkefni. Aðrir völdu einstaklingsverkefni. Í byrjun september skiluðu kennarar útfylltu eyðublaði til stjórnenda þar sem fram kom hvernig þeir hygðust skipuleggja verkefnið. Sýnishorn af eyðublaðinu fylgir með í lok þessarar skýrslu. Kennurum stóð til boða að fá reglulega fundi með Ingvari og Svanhildi eða öðrum ráðgjafa og þáðu sumir það. Nefna má sem dæmi að Lilja Jónsdóttir, lektor í kennslufræðum, veitti ráðgjöf í sambandi við verkefni á miðstigi, Steinunn Torfadóttir, lektor í lestrarfræði og sérkennslu, veitti ráðgjöf í sambandi við lestrarkennsluverkefni og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, kennslufræðingur og doktorsnemi, veitti aðstoð í sambandi við lestrarkennslu á miðstigi.

Á heimasíðu Grunnskóla Seltjarnarness var útbúinn lítill vefur í tengslum við verkefnið. Þar gátu kennarar nálgast upplýsingar og leiðbeiningar. Sem dæmi má nefna að á vefnum má finna allt kynningarefni í tengslum við verkefnið, yfirlit yfir verkefni sem kennarar unnu og lesefni sem tengdist viðfangsefni verkefna.

Á kennarafundum í janúar og febrúar kynntu kennarar verkefni sín og gerðu grein fyrir framgangi þeirra. Ingvar Sigurgeirsson og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir sátu fundina. Í lok skólaárs var staða verkefnisins metin á formlega hátt. Einnig var gerð ný þarfagreining sem fór fram með sama hætti og í upphafi verkefnisins, þ.e. með formlegum viðtölum við kennara. Verkefninu lauk síðan með skipulögðum kynningardegum. Þar kynntu allir kennarar verkefni sitt, hver með sínum hætti. Flutt voru erindi, settar upp sýningar, veggspjöld og glærुकynningar. Meðal verkefna var eftirfarandi:

- Early Steps , snemmtæk íhlutun í lestrarkennslu
- Handbók um framkvæmd hreyfiproskaprófs
- Ítarefni í íslensku
- Kvikmyndir og tónlist
- Lestrarkennsla einhverfra á yngsta og miðstigi
- Matsbók í stærðfræði
- „Moddle“-námsvefur
- Námsmat í stærðfræði á miðstigi
- Námsmatsbók í íslensku fyrir 4.–5. bekk
- Nesstofa og umhverfi hennar
- Notkun „Smartboard“ í kennslu
- Safnmappa í dönsku
- Safnveita fyrir list- og verkgreinar
- Stærðfræði á miðstigi, spilabók og gagnagrunnur
- Stærðfræðiþrautir á unglingsstigi
- Útikennsla og tilbreyting í skólastarfi



## Skólaheimsóknir

---

Á skólaárinu voru skipulagðar þrjár skólaheimsóknir. Ósk um að fara í skólaheimsókn kom frá kennurum sem annaðhvort skipulögðu heimsóknina sjálfir eða nutu aðstoðar stjórnenda.

<b>Álftanesskóli</b>	Þangað fór stýrihópurinn í uppbyggingastefnunni auk áhugsamra, u.þ.b. tíu – tólf manns.
<b>Sæmundarskóli</b>	Tveir íslenskukennarar á miðstigi kynntu sér námsmat í Sæmundarskóla.
<b>Grundarskóli</b>	Tólf manna hópur fór til þess að kynna sér byrjendalæsi á yngsta stigi.
<b>Giljaskóli</b>	Þangað fór miðstigs kennari að kynna sér uppbyggingarstefnuna og lestrarkennslu.

## Fræðslufundir og námskeið

---

Ósk um fræðslufundi kom frá kennurum eða stjórnendum. Kennarar réðu hvort þeir sóttu fundina en þeir voru allir mjög vel sóttir.

### **Sigrún Cortes. Námsmat á mið- og unglíngastigi.**

Haldið á haustdögum. Flestir kennarar mættu á fræðslufundinn.

### **Hróbjartur Árnason. Mindmanager (hugarkort) í kennslu á unglíngastigi.**

Haldið í nóvember. Flestir kennara á unglíngastigi mættu á fræðslufundinn.

### **Gylfi Jón Gylfason. Agi og agastjórnun í grunnskóla.**

Haldið í október. Flestir kennarar af öllum skólastigum mættu á fræðslufundinn.

### **Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. Fræðslufundur og námskeið í gagnvirkum lestri.**

Skipulagt fyrir áhugasama kennara á yngsta- og miðstigi. Mjög góð mæting var á fræðslufundinn og í framhaldi af því gátu þeir sem vildu fengið frekari stuðning við innleiðingu á gagnvirkum lestri. Kennarar af báðum skólastigum nýttu sér stuðninginn.

### **Fræðslufundur um námsmat í Sæmundarskóla. Eygló Friðriksdóttir skólastjóri og tveir kennarar frá skólanum.**

Haldið fyrir kennara á yngsta og miðstigi. Mjög góð mæting var á fræðslufundinn.

## Tölvunámskeið 2009–2010. Kennari Sigurður Fjalar Jónsson

---

Kennarar óskuðu eftir því að fá tölvunámskeið sem Sigurður Fjalar Jónsson skipulagði með þarfrá kennara í huga. Sum námskeiðin voru sérhæfðari en önnur. Kennarar völdu hvaða námskeið þeir



sóttu, enginn var skyldaður til að mæta. Getuskipt var á námskeiðin þannig að allir fengu eitthvað við sitt hæfi, sumir einföld verkefni og aðrir flókin.

**Ritvinnsluforritið Word**

- 8. ágúst 2009  
13 þátttakendur

- 9. september 2009  
14 þátttakendur

- 16. september 2009  
17 þátttakendur

**PowerPoint**

- 6. október 2009  
19 þátttakendur

- 7. október 2009  
14 þátttakendur

**Clicker**

- 14. október 2009  
13 þátttakendur

**Moodle**

- haust 2009  
3 þátttakendur

**Mind Manager**

- 2. mars 2010  
9 þátttakendur

**Comic Life**

- 3. mars, 2010  
11 þátttakendur

**Excel**

- 9. mars 2010  
23 þátttakendur

**Google apps**

- 6. apríl 2010  
20 þátttakendur

- 13. apríl 2010  
21 þátttakandi

- 20. apríl 2010  
26 þátttakendur

## Önnur tölvunámskeið

---

### Notkun „Smart“-töflu í kennslu. Kennarar Hanna Guðný Birgisdóttir og Fanney Rúnarsdóttir

*Fyrri hluti 10. febrúar 2010*  
13 þátttakendur

*Seinni hluti 16. febrúar 2010*  
12 þátttakendur

**„Moodle“-námskeið fyrir íslenskukennara á unglingsstigi. Kennari: Kirsten Lybek**  
4 þátttakendur

## Lokaorð

---

Endurmenntun kennara er veigamikill liður í skólastarfi og jákvæð reynsla af endurmenntunarnámskeiðum mikilvæg. Með það í huga lögðu stjórnendur í Grunnskóla Seltjarnarness af stað með nýtt snið af námskeiðum þar sem áhersla var lögð á þátt kennaranna sjálfra í að skipuleggja sína eigin endurmenntun. Í lok skólaársins voru kennarar beðnir um að leggja mat á hvernig til hefði tekist. Viðhorf þeirra reyndist undantekningarlítið mjög jákvætt, bæði gagnvart fyrirkomulaginu og þeim námskeiðum og fræðslufundum sem voru í boði. Nokkrir bentu þó á að þeir hefðu getað nýtt sér meiri ráðgjöf.

Næsta skólaár verður haldið áfram að þróa þessa gerð af endurmenntun í Grunnskóla Seltjarnarness. Byggt verður á reynslu síðastliðins vetrar – og líkt og fyrr á óskum og væntingum



kennara. Umsjónarmenn verkefnisins munu skrifa tímaritsgrein þar sem verkefnið verður kynnt og skýrt. Greinin mun væntanlega birtast í Skólavörðunni, fagriti kennara.



## Sýnishorn af eyðublöðum

Eyðublað sem kennarar skiluðu til stjórnenda þegar þeir höfðu ákveðið verkefni vetrarins.

### Klæðskerasaumuð símenntun

Skilist til skólastjóra/aðstoðarskólastjóra fyrir 14. september

#### Vinna verkefni að eigin vali undir leiðsögn

Vinna verkefni að eigin vali (ákveðið skilgreint verkefni). Áætlaður tími til vinnunnar er að lámarki 30–40 klst. Miðað er við að búið sé að mynda hópa og hugmynd að verkefni verði komin fyrir **14. september**. Í framhaldi af því verða ráðnir fleiri ráðgjafar til að sinna hópunum ef þörf krefur. Miðað er við að hver hópur fá leiðsögn frá ráðgjafa tvisvar sinnum á tímabilinu.

#### Heiti verkefnis

--

#### Teymi

Nöfn	Netföng

#### Verkefni (nánari lýsing)

--



Eyðublað til að auðvelda kennurum undirbúning kynningar í janúar/febrúar.

## Undirbúningur kynningar

<b>Heiti verkefnis</b>
<b>Hverjir eru áheyrendur og hvaða upplýsingar vilja þeir fá?</b>
<b>Hvert er markmið kynningarinnar?</b>
<b>Hvaða meginatriðum vil ég koma á framfæri? (3 atriði)</b>
1.
2.
3.
<b>Hvaða gagn vil ég að áheyrendur hafi af kynningu minni?</b>
<b>Annað</b>

Hvað þarf ég að hafa til staðar við kynninguna:

- Úthendi                       Tölvu                       Skjávarpa  
 Flettistöflu og túss             Skjá                       Annað \_\_\_\_\_

Minnispunktar:

---

---

---

---

---



## Uppgjör símenntunar skólaárið 2010–2011

<b>Heiti verkefnis og markmið</b>
<b>Þátttakendur</b>
<b>Ráðgjafi/ráðgjafar</b> (ef þú/þið fenguð ráðgjafa hvernig nýttist hann?)
<b>Hvaða meginatriðum verkefnisins vilt þú/viljið þið segja frá (a) og hvernig nýtast þau öðrum í skólanum (b)?</b>
1. a.
b.
2. a.
b.
3. a.
b.
<b>Bætir verkefnið á einhvern hátt nám nemenda?</b> (tengist það t.d. markmiðum Aðalnámskrár?)
<b>Í hverju var símenntunin fólgin?</b> (t.d. hvað lærðir þú/þið nýtt?)
<b>Hvar er hægt að nálgast afrakstur verkefnisins?</b> (t.d. hvar á samskrá?) Vinsamlegast sendið stjórnendum afrakstur verkefnisins í rafrænu formi (sem viðhengi).
<b>Annað</b>





## Til upplýsingar fyrir stjórnendur símenntunarverkefnisins 2010–2011

<b>1. Hve mikill tími fór í verkefnið? (áætlaður tími var 30–40 klst. utan fundartíma)</b>
<b>2. Hefðir þú/þið viljað meiri ráðgjöf?</b>
<b>3. Hefðir þú/þið viljað hafa skipulagið með öðrum hætti?</b>
<b>4. Hvernig nýttust önnur námskeið, s.s. tölvunámskeið, fræðslufundir?</b>
<b>a. Hvað varstu sérstaklega ánægð/ánægður með?</b>
<b>b. Hvað fannst þér vanta?</b>